



Bett 20

Vörunr. 8550

Lýsing

Bett 20 (8550) er vatnspynnaleg akrýlmálning ætluð á vegg og loft innanhúss. Málningin hentar þar sem óskað er eftir þvottheldinni hálfmattri áferð. **Bett** inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbíndiefni sem gefur málningunni afburða þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningum. **Bett 20** er svo til lyktarlaust, gefur jafna áferð og er fljótporandi.

Notkun

Bett 20 er ætluð á eldhús, ganga, í skólastofur og staði þar sem krafist er mikillar þvottheldni. Hún er heppileg á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Þynnir: Vatn
Gljástig: 20	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Þurrktími: 1 klst
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 41 % (rúmmál)	

Undirmálun

Grunnið með Gifs- og spartlgrunni (4240), alkýðgrunnum líkt og Hempalin grunnmálningu (4246) eða Aqua Snickerislip (4243), allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gífsplötur og strigi: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gífs- og spartlsgrunni (4240). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Bett 20**.

Endurmálun

Þrífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að slípa lauslega með sandpappír og matta hann, til þess að góð viðloðun náist. Málið 2 umferðir af **Bett 20**.

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C. Málningin má ekki frjósa.
- Full þvotteldni næst eftir 3-4 vikur.
- Notið Breplasta spartl við spörslun og ílögn.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Bett 20** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.